



VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF



ÁRSSKÝRSLA 2000

ANNUAL REPORT

ÁRSSKÝRSLA 2000

ANNUAL REPORT

STJÓRN

Kjartan Gunnarsson, formaður
 Eiríkur Jóhannsson
 Geir Magnússon
 Halldór J. Kristjánsson
 Hilmar Pálsson
 Margeir Daníelsson
 Óskar Gunnarsson
 Rannveig Rist

VARASTJÓRN

Anna Margrét Guðmundsdóttir
 Birgir Guðmundsson
 Brynjólfur Helgason
 Ingólfur Ólafsson
 Sigurður Markússon
 Valdimar Bragason

ENDURSKOÐENDUR

KPMG Endurskoðun hf

FORSTJÓRI

Axel Gíslason

FRAMKVÆMDASTJÓRAR

Benedikt Sigurðsson, Fjármálasvið
 Eggert Á. Sverrisson, Einstaklingstryggingar
 Hjördís E. Harðardóttir, Stjórnunarsvið
 Jón Árni Bragason, Upplýsingatæknisvið
 Pétur Már Jónsson, Atvinnutryggingar
 Sigurbjörn Gunnarsson, Líftryggingaþjónusta

EFNISYFIRLIT

BLS

Ársskýrsla 2000	3
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	11
Áritun endurskoðenda.	12
Rekstrarreikningur ársins 2000	13
Efnahagsreikningur 31. desember 2000	14
Yfirlit um sjóðstreymi árið 2000	16
Skýringar	17
Fimm ára yfirlit um rekstur og efnahag	26

ENGLISH SUMMARY INDEX

PAGE

English Summary.....	30
Five Year Summary of the Profit and Loss Account and the Balance Sheet	32
Profit and Loss Account for the Year 2000	33
Balance Sheet December 31, 2000	34

INNGANGUR

Hagnaður af rekstri VÍS árið 2000 nam 649,5 milljónum króna eftir skatta en félagið hafði verulegan hagnað af sölu hlutabréfa á árinu.

Undanfarin ár hefur VÍS lagt mikla áherslu á að efla og bæta þjónustu félagsins við viðskiptavinum. Markaðsstaða félagsins er góð og má sem dæmi taka að liðlega 40% heimila í landinu eru nú váttryggð hjá VÍS. Þá kom fram í Gallup könnun sem gerð var á árinu að 49% aðspurðra töldu F plús fjölskyldutryggingu VÍS veita bestu váttryggingaverndina. Símaþjónustuver félagsins hefur nú verið starfrækt á annað ár og hefur sannað tilvist sína en þar eru nú afgreiddur nær þriðjungur innkominna símtala í hverri viku. Einnig er stór hópur lausráðinna starfsmanna sem vinnur á kvöldin í þjónustuverinu við símasölu til einstaklinga. Góður árangur hefur náðst í sölustarfi, bæði þjónustuversins og söludeilda.

Félagið hækkaði iðgjöld í ökutækjatrýggingum í ágúst 2000. Þessi hækkun iðgjalda var óhjákvæmileg vegna vaxandi taps í greininni, en slys á fólki virðast vera alvarlegri en áður þar sem miska- og örorkumat hefur farið hækkandi hjá þeim sem lenda í umferðarslysum. Þá hefur kostnaður vegna viðgerða á ökutækjum hækkað mikið umfram almennar verðlagsbreytingar og einnig hafa laun hækkað umfram verðlag. Hefur þetta haft bein áhrif á hækkun tjónakostnaðar. Breytingar voru einnig gerðar á iðgjöldum í brunatryggingum húseigna, húseigendatryggingum og lausafjártryggingum vegna slæmrar afkomu í þessum greinum undanfarin ár, sem meðal annars hefur leitt til hækkunar á endurtryggingariðgjöldum félagsins. Slök afkoma hefur verið í eignatryggingum síðustu árin og er það fyrst og fremst vegna þess að iðgjöld hafa farið lækkandi vegna mikillar samkeppni en einnig hefur tjónapróuin verið óhagstæð.

Á árinu varð töluverð þróun í nýjum váttryggingum, meðal annars voru settar á markað váttryggingar gegn áföllum vegna rafrænna samskipta. Er þetta dæmi um váttryggingategund sem er tilkomin vegna aukinnar notkunar fyrirtækja og almennings á Netinu og nýrra váttryggingaþarfa sem hafa skapað í kjölfarið. Þá setti félagið einnig á markað váttryggingu gegn læknamistöfum, svokallaða sjúklingatryggingu, en þetta er lögbundin váttrygging sem sjálfstætt starfandi heilbrigðisstéttum og stofnunum er skylt að kaupa. Þetta kann að vera vísbending um möguleika váttryggingafélaga til aukinnar þátttöku á almannatryggingasviði.

Á árinu 2000 varð VÍS fyrst íslenskra váttryggingafélaga til að bjóða váttryggingar til sölu með rafrænum hætti á heimasíðu félagsins þegar ferðatryggingar voru boðnar með þeim hætti. Í kjölfarið var síðan gengið enn lengra með því að þeir viðskiptavinir sem eiga svokallaða WAP síma geta keypt ferðatryggingu með þeim. Þá kom VÍS fram með nýjung á árinu sem er netverslun með forvarna- og öryggisvörur. Ljóst er að rafræn viðskipti eru komin til að vera og er það stefna félagsins að taka þátt í þeirri þróun með því að vera í fararbroddi tæknilega séð og bjóða þægilega, hraða og örugga þjónustu með þessum hætti.

Á árinu sameinuðust Fjárvangur hf, dótturfélag VÍS, og Samvinnusjóður Íslands hf undir nafni Frjálsa fjárfestingarbankans hf og varð VÍS stærsti hluthafinn. Í árslok seldi síðan VÍS Kaupþingi hf öll hlutabréf sín í Frjálsa fjárfestingarbankanum hf.

Tap af váttryggingarekstri nam 163,4 milljónum króna á árinu. Það er því ljóst að snúa verður tapi af váttryggingarekstri í hagnað sem fyrst því tæpast er hægt að gera ráð fyrir því í framtíðinni að fjárfestingartekjur geti borið uppi stórfellt tap af váttryggingarekstri ásamt því að veita eigendum viðunandi hagnað. Iðgjaldahækkunum ásamt öðrum aðgerðum í rekstri félagsins er ætlað að bæta afkomu í grunnrekstrinum þegar á árinu 2001.

REKSTURINN

Niðurstaða rekstrarreiknings VÍS varð jákvæð um 649,5 milljónir króna samanborið við 358,9 milljónir króna á árinu 1999. Bókfærð iðgjöld hækkuðu um 17,4% milli ára og námu 5.874,1 milljón króna og iðgjöld ársins hækkuðu um 13,1% og námu 5.336,2 milljónum króna á móti 4.717,9 milljónum króna árið 1999. Eigin iðgjöld ársins hækkuðu einnig um 15,2%.

Tjón ársins námu 5.787,8 milljónum króna á móti 5.078,3 milljónum króna á fyrra ári og nemur hækkunin 14%. Reiknaður hagnaður af endurtryggingavernd félagsins nam 57,1 milljón króna eða 1,1% af iðgjöldum ársins samanborið við 0,6% gjöld árið áður. Munar þar mestu um þátttöku endurtryggjenda í ökutækjatlátningum.

Heildar fjárfestingartekjur félagsins námu 2.614,2 milljónum króna á móti 1.976,1 milljón króna árið 1999 og hækkuðu því um 32,3%. Stór hluti teknanna varð til vegna sölu á hlutabréfum félagsins í Frjálsa fjárfestingarbankanum en tekjur vegna vaxta og gengismunar, svo og tekjur af dóttur og hlutdeildarfélagum hafa dregist saman frá fyrra ári. Hreinn rekstrar-kostnaður nam 1.132,3 milljónum króna og hækkaði um 0,8% frá fyrra ári og nam 24,9% af eigin iðgjöldum á móti 28,5% árið áður.

EFNAHAGUR

Heildar váttryggingaskuld félagsins nam við árslok 15.272,2 milljónum króna á móti 13.710,6 milljónum króna við lok fyrra árs og hækkaði því um 11,4% og er nú 286,2% af iðgjöldum ársins á móti 290,6% við árslok 1999. Hlutur endurtryggjenda í váttryggingaskuld nam við árslok 855,8 milljónum króna eða 5,6% af váttryggingaskuld samanborið við 5,1% við lok fyrra árs. Samkvæmt þessu nam eigin váttryggingaskuld 14.416,4 milljónum króna á móti 13.005,8 milljónum króna við lok fyrra árs og hefur því hækkað um 10,8% á árinu. Hlutfall eigin váttryggingaskuldar er nú 317,1% af eigin iðgjöldum á móti 329,4% við árslok 1999. Eigin tjónaskuld nam 10.978,9 milljónum króna á móti 9.954,1 milljón króna við lok fyrra árs.

Kröfur námu 3.617,9 milljónum króna á móti 2.096,5 milljónum króna við lok fyrra árs og viðskiptaskuldir 658,8 milljónum króna í samanburði við 742,2 milljónir króna í árslok 1999. Fjárfestingar námu 14.525,1 milljónum króna við árslok samanborið við 13.369,7 milljónir króna við lok fyrra árs. Aðrar eignir námu 817,9 milljónum króna samanborið við 1.373,1 milljónir króna í árslok 1999. Nafnverð hlutafjár félagsins er nú 533,3 milljónir króna og bókfært eigið fé 3.244,7 milljónir króna samanborið við 2.600,2 milljónir króna í lok ársins 1999 og hefur því hækkað um 644,5 milljónir króna eða 24,8% og nemur nú 71,4% af eigin iðgjöldum á móti 65,9% árið áður.

EIGNATRYGGINGAR


Iðgjöld ársins námu 1.307 milljónum króna og hækkuðu um 0,1% frá fyrra ári en eigin iðgjöld lækkuðu um 0,4%. Hlutur eignatrygginga var 24,7% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins á móti 28% árið áður. Tjón ársins námu 1.140,8 milljónum króna eða 87,3% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 98,6%.

Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útföfnunarskuld, þá er váttryggingaleg niðurstaða neikvæð um 69,9 milljónir króna eða 5,4% af iðgjöldum ársins.

SJÓTRYGGINGAR


Iðgjöld ársins námu 261,3 milljónum króna og lækkuðu um 9,2% frá fyrra ári og eigin iðgjöld um 9,2%. Hlutur sjótrygginga var 4,9% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins á móti 6,2% árið áður. Tjón ársins námu 164,7


HAGNAÐUR fjárhæðir í þús. króna



Hagnaður eftir skatta

EIGIÐ FÉ fjárhæðir í þús. króna





Sniðið að þínum þörfum

milljónum króna eða 63,1% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 66,9%.

Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er váttryggingaleg niðurstaða jákvæð um 40,7 milljónir króna eða 15,6% af iðgjöldum ársins.

LÖGBOÐNAR ÖKUTÆKJATRYGGINGAR

Iðgjöld ársins námu 2.056,8 milljónum króna og hækkuðu um 33,1% frá fyrra ári og eigin iðgjöld um 33,2%. Hluttur lögboðinna ökutækjetrygginga var 38,8% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins á móti 33,1% árið áður. Tjón ársins námu 3.078,1 milljón króna eða 149,7% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 141,6%.

Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er váttryggingaleg niðurstaða neikvæð um 305,2 milljónir króna eða 14,8% af iðgjöldum ársins.

FRJÁLSAR ÖKUTÆKJATRYGGINGAR

Iðgjöld ársins námu 782 milljónum króna og hækkuðu um 10,7% frá fyrra ári og eigin iðgjöld um 10,7%. Hluttur frjálsra ökutækjetrygginga var 14,8% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins á móti 15,1% árið áður. Tjón ársins námu 747,1 milljón króna eða 95,5% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 95,3%.

Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er váttryggingaleg niðurstaða neikvæð um 95,9 milljónir króna eða 12,3% af iðgjöldum ársins.

ALMENNAR ÁBYRGÐARTRYGGINGAR

Iðgjöld ársins námu 341 milljón króna og hækkuðu um 14,5% frá fyrra ári og eigin iðgjöld um 7,7%. Hluttur almennra ábyrgðartrygginga var 6,4% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins á móti 6,4% árið áður. Tjón ársins námu 254,6 milljónum króna eða 74,6% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 89,5%.


Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er váttryggingaleg niðurstaða jákvæð um 51,7 milljónir króna eða 15,2% af iðgjöldum ársins.

SLYSA- OG SJÚKRATRYGGINGAR


Iðgjöld ársins námu 549,7 milljónum króna og hækkuðu um 4,2% frá fyrra ári og eigin iðgjöld um 5,9%. Hluttur slysa- og sjúkratrygginga var 10,4% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins á móti 11,3% árið áður. Tjón ársins námu 368,9 milljónum króna eða 67,1% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 67,3%.

Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er váttryggingaleg niðurstaða jákvæð um 198,8 milljónir króna eða 36,2% af iðgjöldum ársins.


IÐGJÖLD ÁRSINS 2000



TJÓN ÁRSINS 2000



HEILDARGJÖLD OG TJÓN ÁRSINS 2000 fjárhæðir í þús. króna



INN-ENDURTRYGGINGAR

Iðgjöld ársins námu 38,4 milljónum króna og lækkuðu um 19,7% frá fyrra. Hlutur inn-endurtrygginga var 0,7% af heildariðgjöldum félagsins á móti 1% árið áður. Tjón ársins námu 33,5 milljónum króna eða 87,5% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 68,6%.

Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er váttryggingaleg niðurstaða jákvæð um 16,4 milljónir króna eða 42,8% af iðgjöldum ársins.

ENDURTRYGGINGAR OG STÆRSTU TJÓN

Hlutur endurtryggjenda í iðgjöldum ársins nam 789,8 milljónum króna eða 14,8% sem þýðir að 85,2% iðgjalda er haldið fyrir eigin reikning. Samsvarandi hlutföll fyrra árs voru 16,3% og 83,7%. Þátttaka endurtryggjenda í tjónum nam 693,9 milljónum króna eða 12% og einnig greiddu þeir félaginu 153 milljónir króna í umboðslaun. Nettó tekjur af endurtryggingavernd félagsins námu því 57,1 milljón króna eða sem svarar 1,1% af iðgjöldum ársins samanborið við 0,6% gjöld árið 1999 og er því nettó tap endurtryggjenda 7,2% á móti 3,4% hagnaði árið 1999.

Stærsta brunatjón ársins var um 30 milljónir króna en á annan tug tjóna fór yfir 10 milljónir. Í sjótryggingum urðu tvö tjón um og yfir 30 milljónir króna hvort. Í ökutækjatrýggingum urðu hins vegar fjögur mjög alvarleg tjón sem samtals eru áætluð á tæplega 300 milljónir króna. eru þar á meðal stærstu ökutækjatjón í sögu VÍS. Tvö af þessum tjónum urðu þegar langferðabifreiðum hlekkist á og þó stór séu þá má segja að þau séu aðeins viðvörn um það sem getur gerst. Það ríður því á miklu að hafa trausta og öfluga endurtryggjendur á bak við víðtæka endurtryggingavernd.

MARKAÐSMÁL

Á árinu var unnið að stefnumótun og samræmingu á "útliti" VÍS. Afrakstur þeirrar vinnu var kynntur í lok ársins undir heitinu "Leiðarlínur VÍS" sem inniheldur samræmda merkjastefnu fyrir útlit félagsins næstu fimm árin. Meðal annars er tilgreint nákvæmlega hvernig nota skuli merki VÍS og hvernig útlit gagna og afgreiðslustaða skuli vera.

VÍS fréttir komu út tvisvar á árinu og voru sendar til allra viðskiptavina félagsins. Lögð var rík áhersla á að tengja efni VÍS fréttanna við málefni sem voru ofarlega á baugi í samfélaginu og var meðal annars fjallað um jarðskjálftana á Suðurlandi, aukinn kostnað við tjón í umferðinni og ungt fólk sem fengið hefur krabbamein.


Bændaþjónustufulltrúar VÍS heimsóttu fjölda bænda og fóru yfir váttryggingarþörf þeirra. Þessar bændaheimsóknir eru liður í rammasamningi VÍS og Bændasamtaka Íslands og hafa gefið góða raun og orðið til þess að styrkja markaðsstöðu VÍS enn frekar meðal bænda.

VÍS tók þátt í ýmsum sýningum á árinu og kynnti vöruframboð og lagði áherslu á að kynna meðal annars Öryggisnet VÍS. Á meðal sýninga má nefna: Matur 2000, Byggingardagar, Daglegt líf á Akureyri og Atvinnuvegasýning á Vestfjörðum. VÍS tók einnig þátt í Framadögum 2000 en þangað koma fjölmargir nemendur á háskólastigi.


ÖRYGGISNET VÍS

Í maí 2000 hóf VÍS starfsemi netverslunar með öryggisvörur undir nafninu Öryggisnet VÍS. Í Öryggisneti VÍS gefst viðskiptavinum VÍS kostur á að kaupa öryggisvörur og forvarnabúnað á mun betra verði en áður hefur þekkt héraendis og fá búnaðinn að auki sendan heim sér að kostnaðarlausu. Viðskipta-


ÍÐGJALDA OG TJÓNAYFIRLIT fjárhæðir í þús. króna



TJÓNNAHLUTFÖLL



KOSTNAÐARHLUTFALL



Hreinn rekstrarkostnaður í % af eigin iðgjöldum

vinir VÍS hafa tekið þessari nýjung fagnandi og mikill fjöldi þeirra notfært sér þjónustuna. Samstarfsaðili VÍS í þessu verkefni er Eldverk ehf.

VÍS VEFUR

Á fyrri hluta ársins var vefur VÍS endurnýjaður í samstarfi við Fjárvang hf og mikil áhersla lögð á undirbúning fyrir aukna gagnvirkni. VÍS varð fyrst allra váttryggingafélaga á Íslandi til þess að selja váttryggingar á vefnum og eftir því sem best er vitað fyrsta váttryggingafélagið í heiminum sem gerir viðskiptavinum mögulegt að kaupa ferðatryggingar með WAP síma. Seinni hluta ársins var svo viðmót og virkni vefsins aftur endurnýjað og þá mikil vinna lögð í samræmingu og einföldun til þess að auðvelda miðlun þess mikla magns upplýsinga sem finna má á vef félagsins. Einnig var sett upp tilboðskerfi í tjónabíla á vefnum og auðveldar það aðgang stærrí hóps viðskiptavina að slíkum viðskiptum. Þá var sett upp á vefnum æfingabólpróf þar sem verðandi ökumenn geta búið sig undir bóklegt ökuþróf og aðrir ökumenn sannreynt eigin kunnáttu.

NÝ ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ VÍS

Í júní á síðastliðnu ári opnaði VÍS þjónustumiðstöð í Kópavogi. Þjónustumiðstöðin er til húsa þar sem Tjónaskoðunarstöð VÍS var áður, við Smiðjuveg 2. Samhliða þessari breytingu var starfsemi svæðisskrifstofu VÍS í Hamraborg flutt í Þjónustumiðstöðina. Starfsmenn eru 15 talsins og þar er meðal annars boðin váttryggingaráðgjöf, útleiga á barnabílstólum og ráðgjöf varðandi uppsetningu þeirra og notkun, auk þess sem þar er að finna forvarnahorn með öllum þeim öryggisvarningi sem í boði er í Öryggisneti VÍS. Eins og áður fer þar fram öll tjóna- og áhættuskoðun og útboð á bifreiðum sem lent hafa í umferðaróhöppum. Húsnæðið er allt hið glæsilegasta og þar eru haldnir fyrirlestrar fyrir fyrirtæki, hópa og skóla um öryggismál og forvarnastarf VÍS, tjónabifreiðar eru sýndar og margt fleira.

IÐGJALDABREYTINGAR

VÍS hækkaði iðgjöld ökutækjatrygginga í ágúst 2000. Iðgjöldin breyttust á mismunandi hátt eftir búsetu og bónusflokkum váttryggingartaka, flokkun bifreiða, sjálfsábyrgð og aldri váttryggingartaka í kaskótryggingu. Meðaltalshækkun í lögboðnum váttryggingum og framrúðutryggingu var um 30% en meðaltalshækkun í al-kaskótryggingu var um 18%. Þessi hækkun iðgjalda var óhjákvæmileg vegna vaxandi taps á ökutækjatryggingum.


Einnig voru gerðar breytingar á iðgjöldum í brunatryggingum húseigna, húseigendatryggingum íbúðarhúsnæðis, brunatryggingum lausafjár og sumarbústaðatryggingum í lok ársins, sem taka gildi við endurnýjun frá og með 1. janúar 2001. Breytingarnar eru gerðar vegna slæmrar afkomu í þessum greinum.

ATVINNUTRYGGINGAR


Eftir því sem íslenskt atvinnulíf verður fjölbreyttara og útrás íslenskra fyrirtækja eykst þarfnast þau fjölbreyttari þjónustu á váttryggingasviði. VÍS hefur fylgst með þessari þróun og getur, oft í samstarfi við erlenda aðila, boðið viðskiptavinum upp á fjölbreyttar og sérhæfðar váttryggingar. Oft eru þessar váttryggingar aðlagðar sérstaklega að rekstri viðkomandi fyrirtækis. Nefna má ýmiss konar starfsábyrgðatryggingar bæði fyrir framleiðslufyrirtæki og hugbúnaðar- og tölvufyrirtæki, váttryggingar fyrir fjármálafyrirtæki, innköllunartryggingar vegna gallaðrar vöru, váttryggingar til að mæta hugsanlegu tekjutapi ef tjón verður til að seinka upphafi starfsemi og þannig mætti áfram telja.

VÍS setti á markað á árinu nýja váttryggingu sem fékk heitið Netvernd. Með Netvernd geta fyrirtæki váttryggt sig gegn hugsanlegum áföllum af rafrænum viðskiptum eða öðrum samskiptum um Netið, svo sem tölvuþrjótum og vírusum, greiðslukortasvikum, lögsóknum o.fl. en þessir áhættuþættir eru tiltölulega nýir í rekstri fyrirtækja. Í raun hentar Netvernd öllum fyrirtækjum

FJÁRFESTINGARTEKJUR fjárhæðir í þús. króna



EIGIN VÁTTRYGGINGASKULD/EIGIN IÐGJÖLD





Því þú átt svo mikið sem þér þykir vænt um

sem eru með nettengda starfsemi af einhverju tagi. Netvernd var kynnt hópi viðskiptamanna svo og á tölvusýningu í Laugardalshöllinni og vakti mikla athygli. Netvernd og sambærilegar váttryggingar verða að öllum líkindum sjálfsgæður og eðlilegur hluti af váttryggingarvernd atvinnufyrirtækja og rekstraraðila í framtíðinni. Einnig var sett á markað svokölluð sjúklingatrygging en nú er orðið lögbundið fyrir sjálfstætt starfandi heilbrigðisstéttir og stofnanir að hafa í gildi váttryggingu hjá váttryggingafélagi vegna læknamistaka, sem eru nánar skilgreind í lögnum. Samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar öðlast sjúklingar rétt til bóta verði þeir fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.

Á árinu tók VÍS að sér váttryggingar við framkvæmdir á nýrri verslunarmiðstöð í Smáralindinni í Kópavogi. Um er að ræða verktakatryggingu á framkvæmdatímanum við uppbyggingu stærstu verslunarmiðstöðvar landsins, en innifalin er váttrygging á verkinu sjálft, váttrygging vegna tafa við framkvæmdirnar svo og ábyrgðartrygging.

Í kjarasamningum, sem gerðir voru árið 2000 urðu miklar breytingar á bótafjárhæðum. Upphæðir voru hækkaðar en mjög mismikið og hefur þetta aukið verulega vinnu við þessa grein váttrygginga. Haft var samband við viðskiptavini félagsins sem hlut eiga að máli til að tryggja sem best rétta váttryggingavernd þeirra.

JARÐSKJÁLFTAR Á SUÐURLANDI Í JÚNÍ

Jarðskjálftarnir á Suðurlandi í júní settu mark sitt á starfsemi félagsins síðastliðið sumar, en mikið álag var á skrifstofum félagsins á Suðurlandi svo á þjónustuver félagsins sem tók við tjonstilkynningum fyrir Viðlagatryggingu Íslands. Stór hópur tjonamatsmanna frá félaginu tók einnig að sér að meta skemmdir á innbúi viðskiptavina VÍS í þessu mikla tjóni. Matsstarfið gekk vel og fengu starfsmenn félagsins hrós fyrir hraða og góða þjónustu.

FORVARNASTARF VÍS

Forvarnastarf VÍS stóð í miklum blóma á síðasta ári. Í lok ársins höfðu liðlega 17.000 manns mætt á umferðarfundi VÍS. Framleidd hafa verið þrjú ný myndbönd sem sýnd eru á umferðarfundinum en þau samanstanda af viðtölum við fórnarlömb umferðarslysanna, aðstandendur þeirra, lögreglumenn, lækna, sjúkraflutningamenn, presta og fleiri fagmenn sem tengjast slysunum. Umferðarfundir VÍS eru haldnir í flestum framhaldsskólum landsins og auk þess í fjölmörgum grunnskólum. Þá eru reglulegir fundir haldnir annan hvern mánudag í húsakynnum VÍS, Ármúla 3.

UPPLÝSINGATÆKNI

Árið 2000 var eins og undanfarin ár, ár talsverðra framfara á upplýsingatæknisviðinu. Auk endurnýjunar á vef VÍS var nýr eldveggur settur upp á árinu sem auðveldar hraðara upplýsingastreymi, eftirlit með notkun og nýtingu starfsmanna VÍS á vefnum og Netinu, um leið og öryggi gagna var aukið og varnir hertar. Uppbygging og endurnýjun grunnþátta innranets VÍS var talsverð á árinu en þessi endurnýjun leggur grunninn að því að færa hugbúnaðarhluta netsins yfir í nýjustu tækni og auðvelda þannig kerfisstjórnun og rekstur um leið og bandvídd og öryggi er aukið. Unnið var að undirbúningi að því að bæta verulega flutningsgetu víðnetsins um leið og kostnaður við rekstur mun minnka. Þessar breytingar munu að mestu fara fram á fyrri hluta ársins 2001.

Á fyrsta ári nýs innheimtukerfis kom fram talsverð hagræðing við innheimtu og eftirlit og enn er unnið að frekari bótum. Viðhald trygginga- og tjonakerfa VÍS er í föstum skorðum um leið og unnið er að skoðun valkosta í endurnýjun þessara undirstöðukerfa félagsins. Á árinu komu fram áhrif endurnýjunar símaþjónusta félagsins á undanförunum árum á þann veg að enn hefur símaþjónusta VÍS við viðskiptavini batnað. Áfram verður unnið að framförum á þessu sviði.

STARFSMANNA- OG FRÆDSLUMÁL

Á árinu 2000 störfuðu 200 manns í heilsársstörfum hjá VÍS. Er þetta nokkur fækkun frá fyrri árum. Auk þess eru 5,25 stöðugildi alfarið tileinkuð starfsemi LÍFÍS.

15 starfsmenn luku grunnnámi í Tryggingaskóla SÍT, en vegna mikillar eftirspurnar var slíkt námskeið nú haldið vor og haust. Auk þess sótti fjöldi starfsmanna námsstefnu og sérnámskeið á vegum SÍT. Áfram var haldið að þjálfva starfsfólk í þjónustu og sölu auk þess sem hluti starfsmanna hefur fengið þjálfun í meðhöndlun á álagi og streitu.

VÍS á nú fulltrúa sem situr fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins í starfsgreinaráði fyrir verslunar- og skrifstofustörf, þar sem unnið er að endurskoðun námsskrár og námsleiða á framhaldsskólastigi. Þar er lagður grunnur að skrifstofumenntun til framtíðar. Lögð er áhersla á að námsleiðir séu einnig opnar fólki á vinnumarkaði sem vill bæta við sig þekkingu og ljúka stúdentsprófi.

Gallup gerði aðra vinnustaðagreiningu sína af þremur á vinnustöðum VÍS í maí. Ýmis verkefni og breytingar sem gerðar voru í framhaldi af fyrstu vinnustaðagreiningu sem Gallup gerði í nóvember 1998 hafa skilað góðum árangri og hefur starfsánægja aukist.

LÍFTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF

VÍS hefur frá stofnun Líftryggingafélags Íslands hf (LÍFÍS) annast daglegan rekstur félagsins í verktöku en eign VÍS í LÍFÍS nemur um 11%. Náði samstarf er á milli félaganna varðandi váttryggingaframboð og þjónustu til viðskiptavina og hafa bæði félögin mikinn styrk af samstarfinu. Auk hefðbundinna áhættulíftrygginga býður LÍFÍS söfnunarlíftryggingar, sjúkdómatryggingar, hóplíftryggingar, afkomutryggingar og LÍFÍS lífeyrissöfnun sem tekur á móti viðbótarlífeyrissparnaði.

Ágætur vöxtur var í sölu trygginga hjá LÍFÍS á árinu 2000 einkum í sjúkdómatryggingum og söfnunarlíftryggingum en tjonabungi jókst töluvert frá fyrra ári. Afkoma félagsins var góð. Bókfærð iðgjöld námu 425 milljónum króna en heildartekjur 518 milljónum króna. Hagnaður eftir skatta nam 58 milljónum króna. Eigið fé LÍFÍS í árslok 2000 nam 518 milljónum króna.

MEGINBREYTINGAR Í LAGAUMHVERFINU

Á árinu voru sett lög vegna svokallaðrar Landskrár fasteigna, en Landskráin á að verða samhæft gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir og réttindi sem þeim tengjast. Skráin verður sameiginleg skrá um fasteignir, þinglýsingar fasteigna, mat fasteigna og húsaskrá Hagstofu Íslands. Vegna uppbyggingar Landskrárinnar mun umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins fjórfaldast árin 2001-2004, en váttryggingafélög hafa innheimt gjald þetta og skilað til Fasteignamatsins.

Á árinu voru sett lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga en lög þessi eru til samræmis við samsvarandi löggjöf sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu. Markmið laganna er að tryggja að farið sé með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga. Löggin setja margvíslegar skorður við meðferð og vinnslu upplýsinga um einstaklinga og snerta því skráningu og vinnslu hjá váttryggingafélögum, eins og hjá ýmsum öðrum félögum þar sem upplýsingasöfnun fer fram samhliða hefðbundinni starfsemi.

Eins og áður hefur komið fram fylgir nýjum lögum um sjúklingatryggingu, sem sett voru á árinu, skylda sjálfstætt starfandi heilbrigðisstétta og stofnana til að hafa í gildi váttryggingu hjá váttryggingafélagi vegna meðal annars læknamistaka, sem eru nánar skilgreind í lögnum.

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Félagið starfar á sviði váttrygginga og fjármála. Á árinu 2000 störfuðu 200 starfsmenn hjá félaginu miðað við heilsársstörf. Umboðsmenn víðsvegar um landið voru í árslok 41 og 19 svæðaskrifstofur.

Á árinu var hagnaður af rekstri félagsins 649,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 3.244,7 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 533,3 millj. kr. Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 25% arður til hluthafa af nafnverði hlutafjár, en vísað er til ársreikningsins um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Í árslok nam hlutafé félagsins 533,3 millj. kr. og áttu fjórir hluthafar yfir 10% eignarhluta í félaginu en þeir eru:

	Eignarhluti
Landsbanki Íslands hf., Reykjavík	44,2%
Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, Reykjavík	26,2%
Olúf félagið hf., Reykjavík	13,4%
Líftryggingafélag Íslands hf., Reykjavík	11,2%

Stjórn Váttryggingafélags Íslands hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2000 með undirritun sinni.

Reykjavík, 9. mars 2001.

Stjórn:

Kjartan Gunnarsson
stjórnarformaður

Eiríkur Jóhannsson
Halldór J. Kristjánsson
Margeir Daníelsson

Geir Magnússon
Hilmar Pálsson
Óskar Gunnarsson

Rannveig Rist

Forstjóri:

Axel Gíslason

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa í Vátryggingafélagi Íslands hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 39. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2000, efnahag þess 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu 2000, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 9. mars 2001.

KPMG Endurskoðun hf.

Ólafur Nilsson
Margrét Guðjónsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2000

TEKJUR OG GJÖLD AF VÁTRYGGINGAREKSTRI:	SKÝR.	2000	1999
Iðgjöld:			
Bókfærð iðgjöld		5.874.082.827	5.005.124.584
Hluti endurtryggjenda		(789.671.310)	(765.502.366)
Breyting á iðgjaldaskuld	3	(537.850.000)	(287.250.000)
Breyting á hluta endurtryggjenda		(100.000)	(4.300.000)
Eigin iðgjöld		<u>4.546.461.517</u>	<u>3.948.072.218</u>
Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri	31	1.367.057.000	1.278.176.000
Tjón:			
Bókfærð tjón		(4.611.905.080)	(4.389.354.303)
Hluti endurtryggjenda		542.827.274	624.096.294
Breyting á tjónaskuld	4	(1.175.894.358)	(688.958.868)
Breyting á hluta endurtryggjenda		151.050.000	(37.900.000)
Eigin tjón		<u>(5.093.922.164)</u>	<u>(4.492.116.877)</u>
Ágóðahlutdeild og afsláttur að frádregnum hluta endurtryggjenda		(769.334)	(2.400.429)
Rekstrarkostnaður:			
Sölu- og skilvirkunarkostnaður		(492.239.238)	(463.593.873)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(793.064.000)	(817.604.000)
Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum		153.035.249	157.628.470
Hreinn rekstrarkostnaður		<u>(1.132.267.989)</u>	<u>(1.123.569.403)</u>
Breyting á útföfnunarskuld	5	150.000.000	100.000.000
Tap af vátryggingarekstri	32	<u>(163.440.970)</u>	<u>(291.838.491)</u>
TEKJUR OG GJÖLD AF FJÁRMÁLAREKSTRI:			
Fjárfestingartekjur:			
Tekjur af dóttur- og hlutdeildarfélagum	15	65.790.888	131.549.841
Tekjur af öðrum eignarhlutum		54.850.029	35.238.576
Hagnaður af rekstri húseigna og lóða	34	806.123	5.046.914
Vaxtatekjur og gengismunur	35	1.275.068.576	1.632.556.102
Hagnaður af sölu fjárfestinga		1.217.720.148	171.665.281
Fjárfestingartekjur		<u>2.614.235.764</u>	<u>1.976.056.714</u>
Fjárfestingargjöld:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(76.100.000)	(54.500.000)
Vaxtagjöld		(53.780.753)	(6.274.598)
Fjárfestingargjöld		<u>(129.880.753)</u>	<u>(60.774.598)</u>
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	2	65.542.589	46.115.275
Fjárfestingartekjur yfirfærðar á vátryggingarekstur		<u>(1.367.057.000)</u>	<u>(1.278.176.000)</u>
Hagnaður af fjármálarekstri		<u>1.182.840.600</u>	<u>683.221.391</u>
Aðrar tekjur og gjöld af reglulegri starfsemi:			
Aðrar tekjur		33.594.756	56.037.815
Önnur gjöld	22	(151.405.517)	(762.494)
Önnur (gjöld) - tekjur af reglulegri starfsemi		<u>(117.810.761)</u>	<u>55.275.321</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt og eignarskatt		901.588.869	446.658.221
Tekjuskattur og eignarskatt	27,38	(252.067.238)	(87.793.862)
Hagnaður ársins	24	<u>649.521.631</u>	<u>358.864.359</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR	SKÝR.	2000	1999
Óefnislegar eignir:			
Langtímakostnaður	9	0	23.002.003
Fjárfestingar:			
Húseignir og lóðir	10-12	527.955.664	478.424.827
Dóttur- og hlutdeildarfélög:			
Hlutir í dótturfélögum	13,18	12.073.922	293.729.120
Lán til dótturfélaga		11.850.079	13.756.787
Hlutir í hlutdeildarfélögum	14,18	820.354.024	856.612.162
Lán til hlutdeildarfélaga		0	10.854.912
		<u>844.278.025</u>	<u>1.174.952.981</u>
Aðrar fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum	16-18	4.503.169.849	3.669.150.564
Verðbréf með föstum tekjum	19	4.529.649.113	4.364.976.807
Veðlán	20	4.005.516.530	3.543.984.363
Önnur útlán		110.234.669	133.965.507
		<u>13.148.570.161</u>	<u>11.712.077.241</u>
Geymslufé hjá hlutdeildarfélagi vegna endurtrygginga		4.341.447	4.218.372
Fjárfestingar		<u>14.525.145.297</u>	<u>13.369.673.421</u>
Hluti endurtryggjenda í váttryggingaskuld:			
lögjaldaskuld		197.700.000	197.800.000
Tjónaskuld		658.050.000	507.000.000
Hluti endurtryggjenda í váttryggingaskuld		<u>855.750.000</u>	<u>704.800.000</u>
Kröfur:			
Kröfur á dótturfélög		53.452.949	64.882.418
Kröfur vegna frumtryggingastarfsemi, váttryggingatakar		1.731.719.950	1.511.905.204
Kröfur vegna endurtryggingastarfsemi		315.000.820	389.375.546
Aðrar kröfur		1.517.763.317	130.311.883
Kröfur	22	<u>3.617.937.036</u>	<u>2.096.475.051</u>
Aðrar eignir:			
Rekstrarfjármunir	21	99.626.026	117.802.334
Sjóður og bankainnstæður	8	718.267.902	1.255.310.100
Aðrar eignir		<u>817.893.928</u>	<u>1.373.112.434</u>
Fyrirframgreiddur kostnaður og áfallnar tekjur:			
Áfallnir vextir		45.401.149	30.232.474
Fyrirframgreiddur kostnaður		47.031.716	2.518.870
Fyrirframgreiddur kostnaður og áfallnar tekjur		<u>92.432.865</u>	<u>32.751.344</u>
EIGNIR SAMTALS		<u>19.909.159.126</u>	<u>17.599.814.253</u>

31. DESEMBER 2000

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	SKÝR.	2000	1999
Eigið fé:			
Hlutfé	23	533.307.500	533.307.500
Lögbundinn varasjóður		296.903.385	285.003.744
Endurmatsreikningur		0	19.976.509
Óráðstafað eigið fé		2.414.536.926	1.761.926.424
	Eigið fé 24-26	<u>3.244.747.811</u>	<u>2.600.214.177</u>
Vátryggingaskuld:			
Löggjaldaskuld	3	2.852.200.000	2.314.350.000
Tjónaskuld	4	11.636.969.805	10.461.075.447
Útjöfnunarskuld	5	765.000.000	915.000.000
Ágóðaskuld		18.006.672	20.210.000
	Vátryggingaskuld	<u>15.272.176.477</u>	<u>13.710.635.447</u>
Aðrar skuldbindingar:			
Skattskuldbinding	27	338.831.302	91.335.117
Geymslufé frá endurtryggjendum		<u>29.356.344</u>	<u>25.346.567</u>
Viðskiptaskuldir:			
Skuldir vegna frumtryggingastarfsemi		138.082.161	149.272.836
Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi		256.293.035	272.705.070
Skuldir við lánastofnanir	30	243.770.615	13.034.907
Aðrar skuldir		20.606.029	307.178.761
	Viðskiptaskuldir	<u>658.751.840</u>	<u>742.191.574</u>
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	28	<u>365.295.352</u>	<u>430.091.371</u>
	SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS	<u>19.909.159.126</u>	<u>17.599.814.253</u>

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2000

Rekstrarhreyfingar:	SKÝR.	2000	1999
Hagnaður ársins		649.521.631	358.864.359
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og niðurfærsla eigna		217.554.531	122.732.314
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	2 (65.542.589)	(46.115.275)
Verðbætur af verðbréfaeign og skuldum	(292.550.048)	(420.658.369)
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélagum	13-14 (65.790.888)	(131.549.841)
Hækkun eigin váttryggingaskuldar		1.410.591.030	910.400.468
Hagnaður af sölu eigna	(1.217.720.149)	(171.665.281)
Tekjuskattsskuldbinding, breyting		247.496.185	55.553.760
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(474.395.777)	(98.597.600)
Handbært fé frá rekstri		<u>409.163.926</u>	<u>578.964.535</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Sala húseigna og lóða	10	10.700.000	20.250.000
Fjárfesting í eignarhlutum í félögum	13-17 (836.030.152)	(603.241.425)
Sala eignarhluta í félögum		96.146.351	293.058.020
Önnur verðbréf, breyting	(251.765.881)	(253.464.541)
Keyptir rekstrarfjármunir	21 (110.719.961)	(43.128.855)
Sala rekstrarfjármuna		5.236.378	1.730.000
Geymslufé, (hækkun) lækkun	(123.075)	11.501.947
Fjárfestingarhreyfingar	(<u>1.086.556.340</u>)	<u>(573.294.854)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Geymslufé, hækkun (lækkun)		4.009.777	(8.206.710)
Greiddur arður	(79.996.125)	(53.330.751)
Bankalán, hækkun		219.197.631	0
Afborganir lána	(2.861.067)	(3.433.351)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>140.350.216</u>	<u>(64.970.812)</u>
Lækkun á handbæru fé	(537.042.198)	(59.301.131)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>1.255.310.100</u>	<u>1.314.611.231</u>
Handbært fé í árslok		<u>718.267.902</u>	<u>1.255.310.100</u>

SKÝRINGAR

REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Hann er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
2. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu félagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækkun vísitölu neysluverðs innan ársins sem var 4,2%.

